



## Fundargerð

**449. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í fjarfundi þann 27. ágúst 2020. Þetta er 11. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 4 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt beint á youtube; <https://www.youtube.com/watch?v=dGE4Pln-rR0&feature=youtu.be>

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, við málefnskrá bætist;

## II. Málefni til umfjöllunar

10. Erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi samstarf sveitarfélaga dags, 24.08.2020.

11. Beiðni frá fjallskilanefnd Landbrots- og Miðafréttar varðandi fjárstuðning fyrir salerni í Hrossatungum.

12. Beiðni Katrínar Gunnarsdóttur um tímabundið leyfi frá sveitarstjórn, dags, 24.08.2020.

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

## Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

1. júlí sótti oddviti Jarðvangsfund á Zoom.

3. júlí sóttu oddviti og sveitarstjóri aðalfund Eldvilja

30. júlí upplýsingafundur almannavarnardeildar Suðurlands með sveitar- og bæjarstjórum vegna Covid 19.

13. ágúst var vinnufundur sveitarstjórnar. Fundur verkefnisstjórnar um sameiningarmál ásamt stjórnarfundi SASS.

18.ágúst var fundur sveitarstjóra og oddvita með Ríkisstjórn Íslands á htl Læk.

18. ágúst sveitarstjóri sat aðalfund Hulu bs.

19. ágúst var oddviti með formannafund landshlutasamtakanna á Zoom.

20. ágúst fundur starfshóps um stjórnarsýslu og fjármál vegna sameiningarviðræðna

24. ágúst stjórnarfundur Bergrisans bs

26. ágúst fundur í svæðisráði Vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

26. ágúst fundur starfshóps um stjórnarsýslu og fjármál vegna sameiningarviðræðna

27.ágúst sótti oddviti stjórnarfund Markaðsstofu Suðurlands.

27. ágúst stjórnarfundur Eldvilja

## Dagskrá

### I. Fundargerðir til samþykktar

1. 96. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps, dags. 28.06.2020

2. Rætt um Uppskeru- og þakkarhátíð í haust. Heppilegur tími fyrir hátíðina er 22.- 25. október 2020.

*Sveitarstjórn vill þakka menningarmálanefnd fyrir mikið og virkt starf þrátt fyrir erfiða tíma og hvetja menningarmálanefnd að skoða hátíðarhöldin með tilliti til þeirra takmarkana sem Covid 19 setur okkur. Sveitarstjórn bendir á að nefndum er skylt að boða varamenn við forföll aðalmanna.*



Önnur mál: Nefndarmenn hvetja sveitarstjórn til að finna formann fyrir menningarmálanefnd sem allra fyrst. Treystum við á að fljótlega verði kominn þriðji maðurinn okkur til halds og trausts.  
*Sveitarstjórn þakkar ábendinguna. Sjá 9. lið undir málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1908006 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Tréæðar ehf kt. 621203-2230 á breytingu á rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki III stærra gistiheimili í Hrífunesi fnr.218-9571 lóð B L213-047. Sýslumaðurinn á Suðurlandi dags. 1. júlí 2019  
*EBH, KG, HGÁ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum.*

*Katrín Gunnarsdóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næstu tveggja liða og vikur af fundi.*

2. 2008002 Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélaga.  
*Sveitarstjórn samþykkir beiðnina.*
3. 2008003 Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélaga.  
*Sveitarstjórn samþykkir beiðnina.*

*Katrín Gunnarsdóttir kemur aftur til fundarins.*

4. Erindi vegna umsóknar um stöðuleyfi í landi Ytra Hrauns. Sigurður Arnarsson og Guðrún Þorsteinsdóttir.  
*Sveitarstjórn þakkar erindið og felur sveitarstjóra og byggingarfulltrúa að kalla bréffritara á fund til að leita lausna.*
5. Aðalfundur Túns 2020. Tilnefning Skaftárhrepps á fundinn.  
*Sveitarstjórn felur Gunnari Á Gunnarssyni umboð til setur á aðalfundi Túns fyrir hönd Skaftárhrepps.*
6. Samningur um verktöku vegna lagningu ljósleiðarakerfis til staðfestingar.  
*Sveitarstjórn staðfestir samning um verktöku við Sæmund Oddsteinsson um lagningu heimtauga á ljósleiðarakerfi í Skaftártungu.*
7. Reglur um leiguíbúðir aldraðra í Skaftárhreppi.  
*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að útbúa tillögu að reglum um úthlutun leiguíbúða aldraðra í Skaftárhreppi fyrir næsta sveitarstjórnarfund.*
8. Verksamningur um prófun lausna við úrgangsstjórnun í Skaftárhreppi til samþykktar. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Skaftárhreppur.  
*Sveitarstjórn staðfestir samning um úrgangsstjórnunarlausnir við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið sem hljómar uppá 10 milljónir.*



## 9. Skipan í nefndir á vegum Skaftárhrepps.

Oddviti gerir fundarhlé

Menningarmálanefnd

*Frá 1. janúar 2021 verður Teresa Zuchowicz formaður menningarmálanefndar. Fram að þeim tíma sinnir varaformaður Gunnar Erlendsson hlutverki formanns. Sveitarstjórn bendir á að boða þarf varamann fram að þeim tíma.*

## 10. Erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi samstarf sveitarfélaga dags, 24.08.2020.

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindi Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins fyrir tilskilinn frest.*

## 11. Beiðni frá fjallskilanefnd Landbrots- og Miðafiréttar varðandi fjárstuðning fyrir salerni í Hrossatungum.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið. Tekið af lið 1322-2937*

*Katrín Gunnarsdóttir og Bjarki Guðnason lýsa yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og víkja af fundi.*

## 12. Beiðni Katrínar Gunnarsdóttur um tímabundið leyfi frá sveitarstjórn, dags, 24.08.2020.

*EBH, HGÁ og AH samþykkja beiðni Katrínar Gunnarsdóttur um tímabundið leyfi frá sveitarstjórnarstörfum.*

*Katrín Gunnarsdóttir og Bjarki Guðnason koma aftur til fundarins.*

### III. Fundargerðir til kynningar

1. 94. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps, dags. 19.06.2020. *Fundargerð kynnt.*
2. 95. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps, dags. 3.07.2020. *Fundargerð kynnt.*
3. 78. fundur félagsmálanefndar dags. 20.08.2020. *Fundargerð kynnt.*
4. 206. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands dags. 18.08.2020. *Fundargerð kynnt.*
5. Fjallskilaseðill Austur Síðu afréttar 2020. *Fundargerð kynnt.*
6. Fundargerð aðalfundar stjórnar Hulu b.s. dags, 18.08.2020. *Fundargerð kynnt.*
7. Fundargerð stjórnar Hulu b.s. dags, 18.08.2020. *Fundargerð kynnt.*

### IV. Annað kynningarefni

1. Áætluð framlög vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti 2020. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. *Kynnt.*
2. Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum á Suðurlandi dags, 30.07.2020. *Kynnt.*
3. Greining á opinberu eftirliti. Skýrsla frá KPMG maí 2020. *Kynnt.*
4. Verkfundargerð 01 og verksamningur vegna vinnu við uppbyggingu Þekkingarseturs, dags, 21.08.2020. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt í tölvupósti til sveitarstjóra

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 10. september

Fundi slitið kl. 16:24



---

Eva Björk Harðardóttir

---

Katrín Gunnarsdóttir

---

Bjarki Guðnason

---

Heiða G. Ásgeirsdóttir

---

Arndís Harðardóttir